

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 21. desember 1978

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 72/276/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum

(79/76/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/276/EBE frá 17. júlí 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í fyrrnefndri tilskipun var mælt fyrir um samræmdar aðferðir sem gilda fyrir tilteknar textíltrefjablöndur úr tveimur efnum í því skyni að ákveða trefjasamsetningu þess háttar textílvára með opinberum prófunum sem gerðar eru innan aðildarríkjanna, bæði hvað varðar formeðferð sýnis og magngreiningu þess.

Reynst hefur nauðsynlegt að aðlaga greiningaraðferðir nr. 3 og nr. 6 í II. viðauka við tilskipun 72/276/EBE að helstu nýjungum í vísindum og tækni. Breytingar þær sem kveðið er á um í þessu skyni eru frumskilyrði fyrir því að unnt sé að taka upp og beita slíkum aðferðum.

Ákvæði tilskipunar þessarar eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun aðferða við textílgreiningu að tækniframförum sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar ráðsins 72/276/EBE.

Tilgreina verður að ákvæði landslaga sem nauðsynleg eru til að taka megí tilskipunina upp gangi skjótt í gildi. Gildistaka þessi ætti því að eiga sér stað innan sex mánaða frá því að tilkynnt er um tilskipun þessa.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Aðferðum nr. 3 og nr. 6 í 2. hluta II. viðauka við tilskipun ráðsins 72/276/EBE er breytt til samræmis við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu leiða í lög nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan sex mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Strax og tilkynnt hefur verið um tilskipun þessa skulu aðildarríkin einnig láta framkvæmdastjórnina vita um hver þau drög að lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem þau hyggjast samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til svo að hún geti lagt fram athugasemdir í tæka tíð.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1978.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Richard BURKE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 173, 31. 7. 1972, bls. 1.

VIÐAUKI

Breyting á 2. hluta II. viðauka við tilskipun ráðsins 72/276/EBE frá 17. júlí 1972*AÐFERÐ nr. 3*

3. liður: BÚNAÐUR OG HVARFEFNI (önnur en þau sem tilgreind eru í almennu leiðbeiningunum); i-lið í tölulið 3.2. Hvarfefni, hljóði þannig:

„Lausn samsett úr 20 g af sameinuðu vatnslausu sinkklóríði og 68 g af vatnslausri maurasýru fyllt upp með vatni í 100 g (nánar tiltekið 20 hlutar af þyngd sameinaðs vatnslausss sinkklóríðs í 80 hluta af þyngd 85% maurasýru m/m).“

Í þessu sambandi er vakin athygli á tölulið 1.3.2.2. í 1. hluta II. viðauka þar sem mælt er fyrir um að öll hvarfefni sem notuð eru skuli vera hrein í efnafræðilegu tilliti; þar að auki er nauðsynlegt að einungis sé notað sameinað vatnslaut sinkklóríð.

4. liður: VINNUAÐFERÐ VIÐ PRÓFUN; annar málsliður annarrar málsgreinar hljóði þannig:

„Skolið óleysanlegu trefjarnar í um það bil 100 ml af kaldri ammóníakslausn (3.2.ii)) og gangið úr skugga um að þeim sé sökk alglerlega ofan í lausnina í 10 mínútur⁽¹⁾; skolið síðan vandlega með köldu vatni.“

⁽¹⁾ Til þess að ganga úr skugga um að óleysanlegu trefjunum sé alglerlega sökk ofan í ammóníakslausnina í 10 mínútur er t.d. unnt að nota síudeiglu útbúna með aðhæfi þar sem flæði ammóníakslausnarinnar er stýrt í gegnum krana.

5. liður: ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA hljóði þannig:

„Reiknið niðurstöður út á þann hátt sem lýst er í almennu leiðbeiningunum. Gildi d fyrir þaðmull er 1,02.“

AÐFERÐ nr. 6

4. liður: VINNUAÐFERÐ VIÐ PRÓFUN; síðasti málsliðurinn hljóði þannig:

„Beitið loftsogi að lokum til þess að fjarlægja umframvökva, meðhöndlið síðan óleysanlega hlutann með sjóðandi vatni til þess að fjarlægja allt leysiefnið, þurrkið með loftsogi, þurrkið deigluna og óleysanlega hlutann, kælið og vigtið.“